



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



Upplýsingafundur með Félagi atvinnurekenda

4. nóv. 2020 kl. 11:00-12:00 á Teams

1. Efst á baugi, Covid-19, tölulegar upplýsingar, staða mála og aðgerðir
2. Spurt og svarað 😊.



Efst á baugi - Tölulegar upplýsingar.

4.11.2020 - www.covid.is



Sóttvarnalæknir: **Morgun**

COVID-19 á Íslandi - tölfræði

Staðan nú



Nýgengi, innanlandssmit 183,5

14 daga nýgengi á 100.000 íbúa



Nýgengi, landamærasmit 21,8

14 daga nýgengi á 100.000 íbúa



1.851

í sóttkví



1.630

í skimunarsóttkví



799

í einangrun



29

innanlandssmit
sl. sólarhring



71


á sjúkrahúsi



3

á gjörgæslu


Fjöldi greindra smita innanlands frá 28. febrúar og fjöldi sem lokið hefur einangrun



Tölfræði frá og með 15. júní 2020

- Sjá ítarlegri tölfræði frá 28.02 til 14.06 á sér síðu

Fjöldi smita innanlands





Staða faraldurs, 4. nóv.

- 71 manns á sjúkrahúsi, 7 dauðsföll í III bylgju
- Þriðja bylgja er að koma hægt niður.
- Hópsýkingar í höfuðborginni og í Eyjafirði
- Smit hafa borist inn á hjúkrunarheimili og inn í íbúðarkjarna eldri borgara.
- Bóluefni ekki enn í sjónmáli.
- Faraldur er á uppleið í nágrannalöndum.
- Ferðapjónusta liggur niðri.





Markmið og aðgerðir

Að ná tangarhaldi á hópsýkingum.

Að efla sjúkrahúsin til að takast á við meira álag. Gerum þetta saman:

- Hertar aðgerðir um allt land, 10 manns mega koma saman og 2 ja metra nándarmörk.
- Hertar aðgerðir í skólum.
- Heimsóknarbann á hjúkrunarheimilum þar sem smit eru útbreidd.
- Rjúpuveiði- veiðið í heimabyggð





Staðan á landinu öllu.

- **Höfuðborgarsvæðið:** Álag á heilsugæslu og LSH. Smit hefur borist inn á 2 hjúkrunarheimili og inn í íbúðarkjarna eldri borgara og velferðarþjónustu.
- **Vesturland:** Stöðugt ástand.
- **Vestfirðir:** Rólegt. Flugsamgöngur stopular
- **Norðurland:** Erfitt, mikil hópsmit og 10% íbúa á Dalvík í sóttkví
- **Austurland:** Rólegt, 17 að koma með Norrænu
- **Suðurland:** Að róast.
- **Suðurnes:** Að róast. ATH: Ekki sækja fólk á flugvöllinn. Þeir sem gera slíkt geta lent í sóttkví





Vinnustaðir – aðgerðir 3.-10. nóv

- Reynið að vinna heima.
- 10 manna sóttvarnarými og aðskilnaður. Notið grímu ef þið farið á milli hólfa á vinnustaðnum ykkar.
- Forðist allar hópamyndanir.
- Langar vinnuferðir- hvetjið starfsmenn í skimun áður en ferð hefst.
- Starfsmenn fari ekki í vinnuferðir á milli landssvæða nema nauðsyn beri til og gæti þá fyllstu sóttvarnaráðstafana.
- Ekki sækja um undanþágur frá sóttvarnaráðstöfunum nema annað sé fullreynt.





www.hrn.is

COVID-19: Reglugerðarbreyting varðandi fjölda viðskiptavina í verslunum



Yadid Levy/Norden.org

Heimilt er að hafa allt að 50 viðskiptavini í einu inni í lyfja- og matvöruverslunum og allt að 10 viðskiptavini samtímis í öðrum verslunum, að því gefnu að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum. Um starfsmenn í þessum verslunum gildir að þeir mega ekki vera fleiri en 10 í sama rými og samgangur á milli rýma starfsmanna er óheimill. Öllum er skylt að bera andlitsgrímu í verslunum. Heilbrigðisráðherra hefur samþykkt breytingu á reglugerð um takmarkanir á samkomum þar sem fjöldatakmörk í verslunum eru skýrð.

Með reglugerð ráðherra eru tekin af tvímæli um að fjöldatakmarkanir í verslunum séu bundnar við fjölda viðskiptavina, óháð fjölda starfsfólks. Að öðru leyti gilda ákvæði um fjöldatakmarkanir hvað varðar aðra starfsemi óbreytt, samkvæmt reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar

Sóttvarnir

Centre for Health Security and Infectious Disease Control



REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1051/2020, takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „manns“ í 1. málsl. kemur: viðskiptavini.
- b. Nýr málslíður bætist við svohljóðandi: Öðrum verslunum er heimilt að hafa allt að tíu viðskiptavini inni í einu að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 2. nóvember 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.





Gildissvið

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á samkomum tekur gildi 31. október 2020 og gildir til og með 17. nóvember 2020.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrr eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

Reglugerðin tekur hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til loftfara og skipa í millilandaferðum.

Ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar um fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun og grímuskyldu taka ekki til barna sem fædd eru 2015 eða síðar.

Reglugerð þessi tekur ekki til skólastarfs sem fjallað er um í sérstakri reglugerð um takmörkun skólastarfs.





4. grein

4. gr.

Almenn nálægðartakmörkun og grímunotkun.

Á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi, meðal annars þeirri sem talin er upp í 3. gr., skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Andlitsgrímur skal nota í almenningssamgöngum, í verslunum og annarri þjónustu. Einnig skal nota andlitsgrímur þar sem ekki er unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun sem kveðið er á um í 1. mgr., svo sem í heilbrigðisþjónustu, leigubifreiðum og hópbifreiðum. Andlitsgríma skal hylja nef og munn. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðla-samtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma samkvæmt ákvæði þessu.





Fjöldatakmörkun

5. gr.

Fjöldatakmörkun.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglugerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en tíu einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Er þá meðal annars vísað til:

- a. Ráðstefna, málþinga, útifunda o.p.h.
- b. Kennslu, fyrirlestra og prófahalds.
- c. Skemmtana, svo sem tónleika, menningarviðburða, leiksýninga, bíósýninga, íþróttaviðburða og einkasamkvæma.
- d. Kirkjuathafna hvers konar, svo sem vegna giftinga og ferminga, og annarra trúarsamkoma, sbr. þó 4. mgr.
- e. Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en tíu einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en tíu einstaklingar inni í sama rými. Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er lyfja- og matvöruverslunum heimilt að hafa allt að 50 manns inni í einu að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði 4. gr. Þá er lyfja- og matvöruverslunum sem eru yfir 1.000 m² að stærð heimilt að hleypa til viðbótar einum viðskiptavin inn fyrir hverja 10 m² umfram 1.000 m², þó að hámarki 100 viðskiptavinum alls.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er allt að 30 einstaklingum heimilt að vera viðstaddir útfarir. Um fjölda fólks við erfidrykkju fer eftir 1. mgr.

Fjöldatakmarkanir 1. og 2. mgr. gilda ekki um almenningssamgöngur, hóp bifreiðar, innanlandsflug, farþegaferjur og störf viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkviliðs, hjálparliðs almannavarna og heilbrigðisstarfsfólks. Enn fremur gildir ákvæðið ekki um störf ríkisstjórnar, ríkisráðs, Alþingis og þegar dómstólar fara með dómvald sitt.


Fjöldatakmörkun samkvæmt ákvæði þessu á ekki við um heimilisfólk á heimili sínu.






Spálíkan HÍ, www.covid.hi.is

Þróun smitstuðulsins (R_t) innanlands utan sóttkvíar



Dagleg greind smit innanlands





SOME ARE WINNING - SOME ARE NOT
WHICH COUNTRIES DO BEST IN BEATING COVID-19?

- <https://www.endcoronavirus.org/countries>





Ísland – Svíþjóð – Danmörk

Brynjófur Gauti Jónsson og Sindri Baldur Sævarsson
Tölfræðiráðgjöf Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands




HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Byggt á daglega uppfærðum gögnum ECDC

[Hlekkur á gögn](#)


Síðast uppfært 12. ágúst 2020

[Allan kóða má nálgast hér](#)





Minnum á netspjallið





Spurt og svarað 😊

